



Alþingi
Erindi nr. P 123/1509
komudagur 24.3.1999


Verzlunarmannafélag Reykjavíkur
Húsi verslunarinnar
Kringlunni 7
103 Reykjavík
Sími 510 1700
Fax 510 1717
Veffang www.vr.is
Netfang vr@vr.is

Forseti Alþingis,
hr. Ólafur G. Einarsson,
Alþingi.

Reykjavík, 9. mars 1999.

Hjálagt leyfi ég mér að senda hinu háa Alþingi ályktun, sem einróma var samþykkt á stjórnarfundum í Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur þann 8. þ.m., vegna frumvarps til laga um breytingar á skaðabótalögum.

Virðingarfyllst,
Verzlunarmannafélag Reykjavíkur


Magnús L. Sveinsson, formaður





Verzlunarmannafélag Reykjavíkur
Húsi verzlunarinnar
Kringlunni 7
103 Reykjavík
Sími 510 1700
Fax 510 1717
Veffang www.vr.is
Netfang vr@vr.is

Á fundi stjórnar Verzlunarmannafélgs Reykjavíkur þann 8.mars sl. var samþykkt eftirfarandi ályktun vegna frumvarps til breytinga á skaðabótalögum.

Tengingu við lífeyris-og sjúkrasjóðsgreiðslur mótmælt.

Í frumvarpi um breytingu á skaðabótalögum eru mörg ákvæði sem leiða til betri réttarstöðu tjónþola og leiðréttingar á því órétti sem ríkt hefur. Því ber að fagna. Jafnframt eiga þeir sem fremstir hafa farið í baráttunni fyrir þessum breytingum þakkir skildar fyrir sína framgöngu. Í frumvarpinu eru þó ágallar sem ekki verður við unað.

Gert er ráð fyrir að örorkubætur frá lífeyrissjóðum komi að hluta til frádráttar frá bótum sem greiðast frá tryggingafélögum, en bætur frá lífeyrissjóðum greiðast einungis ef örorka fer yfir 50%, en slík tilfelli eru mjög fá. Skerðingarákvæðið nær því til mjög fárra einstaklinga. Aftur á móti er það sá hópur sem þarf á mestri aðstoð að halda t.d. vegna aukins kostnaðar við aðkeypta þjónustu sem þeir hefðu ekki þurft að kaupa áður. Það má því færa rök fyrir því að ekki sé um oftryggingu að ræða, en það er eitt af markmiðum með þessu ákvæði að koma í veg fyrir oftryggingu. Ákvæðið er ósanngjarnt og því mótmælt að samtrygging í lífeyrissjóði sem er hluti af launakjörum starfsmanns sé tekjutengd öðrum bótagreiðslum.

Einnig er því mótmælt að greiðslur úr sjúkrasjóðum komi til frádráttar bótagreiðslum tryggingafélaga. Í ýmsum reglugerðum sjúkrasjóða er kveðið á um að ekki komi til greiðslu úr sjóðnum ef tjón fæst bætt annarsstaðar. Hér er því verið að deila um litla fjárhagsmuni, en það að tilvikin séu fá eða bætur litlar geta ekki verið rök fyrir því að sjúkrasjóðir sem eru samtryggingasjóðir félagsmanna í stéttarfélögum séu dregnir inn í umræðu um útreikning bóta vegna tjóns. Ekki verður því séð hvaða tilgangi það þjónar að tilgreina sjúkrasjóðina sérstaklega í lögnum. Hér virðist löggjafinn einungis vera að beygja sig undan þrýstingi frá tryggingafélagunum á síðari stigum málsins enda voru sjúkrasjóðir hvergi nefndir á nafn í upphaflegum frumvarpsdrögum.

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur skorar á alþingismenn að taka úr frumvarpinu tengingu við lífeyrissjóði og ekki síst sjúkrasjóði enda beinist skerðingin einungis að fámennum hópi sem þarf á mestum stuðningi að halda.

